

**Nd.**

**886. Nefndarálit**

**[271. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 31. desember 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. l. nr. 26/1980.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið ítarlega á fundum sínum, aflað margra umsagna og fengið til viðræðna Jóhannes Nordal stjórnarformann Landsvirkjunar, Jakob Björnsson orkumála-  
stjóra, Halldór Jónatansson framkvæmdastjóra Landsvirkjunar og Halldór S. Kristjánsson  
lögfræðing í iðnaðarráðuneyti.

Nefndin telur að ekki sé sjálfgefið að selja báðar aðflutningslínur frá Elliðaám samtímis  
og leggur nefndin áherslu á að slík sala megi ekki verða til þess að raforkuverð til almennings  
annars staðar á landinu hækki.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj.  
Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum.

Alþingi, 14. maí 1984.

Páll Pétursson,  
form., frsm.  
Ingvar Gíslason.

Hjörleifur Guttormsson,  
fundaskr., með fyrirvara.  
Kristín Halldórsdóttir.  
Friðrik Sophusson.

Birgir Ísl. Gunnarsson.  
Gunnar G. Schram.